

**64. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
miðvikudaginn 28. maí 2025, kl. 14:30.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Tenging Eyvindartungu við Bláskógaveitu - 2505024

Fyrirspurn Jóns F. Snæbjörnssonar, dags. 26.02.2025, um kostnað við að tengja Eyvindartungu við hitaveitu, Bláskógaveitu, tengigjald og verð til lengri tíma.

Erindið var lagt fram. Farið var yfir hvernig tengigjöld væru reiknuð.

2. Orkuöflun Reykholti (Tungurimi) - 2403015

Undirbúningur virkjunar borholu

Sviðsstjóri og veitustjóri gerðu grein fyrir stöðu málsins. Unnið er að umsókn um nýtingarleyfi. Undirbúningar er hafinn að hönnun dæluhúss. Tilboð í lagnaefni liggur fyrir. Veitustjóra er falið að ganga frá efnispöntun. Verið er að skoða kaup á skilju.

3. Orkuöflun Laugarvatni - 2405025

Undirbúningur virkjunar borholu, skipulagslýsing.

Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar virkjunar borholu var lögð fram.

4. Kaldavatnsveita í sumarhúsabyggð í landi Fells (Ásar) - 2505047

Beiðni formanns Ása, frístundabyggðar, dags. 26.05.2025, um aukinn þrýsting á köldu vatni.

Erindið var lagt fram. Þar er óskað eftir því að þrýstingur á köldu vatni í efstu húsum í sumarhúsahverfinu verði aukinn.

Sviðsstjóra er falið að ræða við bréfritara.

5. Girðing umhverfis hreinsistöð og borholu - 2505046

Tillaga um að girða af svæði umhverfis hreinsistöð og borholu í Reykholti.

Sviðsstjóri gerði grein fyrir málinu. Unnið er að undirbúningi verksins.

6. Svæði fyrir seyrulosun í landi jarðarinnar Hóla - 2503036

Áhrifamat vatnshlota vegna seyrudreifingar í landi jarðarinnar Hóla.

Áhrifamatið var lagt fram til kynningar. Það hefur verið sent Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "JF", "161", and "H.K.", along with a date "21.5".

7. Hljóðbúnaður í Aratungu - 2505039

Tilboð í hljóðbúnað í Aratungu

Lagt var fram tilboð í hljóðbúnað í Aratungu. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að tilboðinu verði tekið og gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun vegna þess.

8. Viðbygging við leikskólann Álfaborg - 2505018

Hönnunargögn og kostnaðaráætlun.

Vagnageymsla - undirbúningur.

Farið var yfir stöðu þess hluta verksins sem snýr að lokun innskota. Verkframingar eru hafnar.

Tillaga að vagnageymslu og geymslu fyrir leikskólann liggur fyrir.

9. Hönnun útisvæðis sundlaugar Reykholti - 2301060

Útboðsgögn og kostnaðaráætlun.

Gögnin voru lögð fram til kynningar.

10. Beiðni um framkvæmdir við grasvöll á Laugarvatni - 2505048

Beiðni ÍBU, dags. 23.05.2025, um framkvæmdir við íþróttavöllinn á Laugarvatni vegna leikja meistaraflokks ÍBU.

Erindið var lagt fram. Þar er óskað eftir framkvæmdum við völinn til að koma megi upp auglýsingaspjöldum, einnig er óskað eftir varamannaskýlum. Komið verður fyrir staurum fyrir auglýsingaspjöld.

Ný mörk eru í pöntun og eru væntanleg 3. júní n.k.

Sviðsstjóra er falið að vinna málið áfram.

11. Sig lóða við Háholt 2 - 2505053

Erindi lóðarhafa að Háholti 2a, 2b og 2c, dags. 28.05.2025, varðandi sig á lóðum.

Erindið var lagt fram. Þar kemur fram að lóð og pallar við hús við Hátún 2 hafi sigið. Erindið verður tekið fyrir á næsta fundi.

12. Vatnsþrýstingur í sumarhús í landi Snorrastaða - 2505054

Erindi fulltrúa sumarhúsafélags í landi Snorrastaða um lítinn vatnsþrýsting.

Umræða varð um málið.

Fundi slitið kl. 16:05.

Stefanía Hákonardóttir

Stefanía Hákonardóttir


Helgi Kjartansson

Helgi Kjartansson


Jón Forni Snæbjörnsson


Benedikt Skúlason


Ásta Stefánsdóttir


Kristófer Arnfjörð Tómasson